

Fréttabréf

23. febrúar 2016
5. tbl. skólaárið 2015 — 2016

Tíminn frá áramótum hefur verið viðburðaríkur í skólanum. Facebook síða skólans ber þess merki en starfsfólk skólans er duglegt að setja inn stuttar fréttir með myndum.

Í byrjun febrúar fengum við ljósmyndara í heimsókn sem myndaði alla bekki og tók einstaklingsmyndir af nemendum og starfsfólki. Einstaklingsmyndirnar verða settar inn á spjöld nemenda og starfsmanna í Mentor. Þeir sem hafna myndbirtingum eru beðnir um að snúa sér til ritara skólans með upplýsingar þar um.

Það verður margt um að vera í skólastarfinu fram að páskafríi sem hefst laugardaginn 19. mars. Má þar nefna árshátíðirnar þrjár sem eru um miðjan mars en árshátíð unglíngastígsins er í lok apríl. Nemendur mæta svo í skólann að loknu páskafríi, miðvikudaginn 30. mars.

Læsi – Bókasöfnun

Einn af áherslupáttum þessa skólaárs er læsi og er það í anda *Þjóðarsáttmála um læsi* sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti og sveitarfélögin gerðu með sér.

Um mánaðarmótin janúar – febrúar var stöðupróf í lesfimi og lesskilningi lagt fyrir alla nemendur skólans. Var okkar skóli einn af þeim skólum sem varð fyrir valinu af öllu landinu. Niðurstöður úr þessum prófum eru væntanlegar nú í febrúar.

Mikilvægt er að öll börn fái tækifæri til að eiga daglega lestrarstund til loka grunnskóla. Foreldrar og aðstandendur þurfa að vera virkir þátttakendur í námi barna sinna og fylgjast með framvindu og árangri.

Dagana 8. og 9. mars eigum við von á heimsókn ráðgjafa Menntamálastofnunar. Munu þeir funda með stjórnendum og starfsfólki skólans þessa daga auk þess að halda **fund með foreldrum þriðjudaginn 8. mars kl. 17:30 á starfstöðinni í Ólafsvík.**

Við stefnum að því að auka bókakost bókasafna skólans. Minningarsjóður Helgu Proppe var stofnaður af aðstandendum Helgu með það að markmiði að efla bókakost skólans. Við munum nýta okkur úthlutun úr sjóðnum og bæta við fjármagni til bókaþauka, nú á vordögum. Ef fólk á bækur sem hætt er að nota og eru komnar í kassa í geymslu þá þiggjum við allar bækur með þökkum.

SMS skilaboð

Mentor býður upp á þá þjónustu að hægt sé að senda foreldrum SMS skilaboð. Til að við getum nýtt okkur þessa þjónustu þurfa foreldrar að skrá GSM númer sín í Mentor. Þeir sem ekki eru með símanúmer sín skráð eru beðnir um að gera það eða koma upplýsingum til ritara.

Þetta er þjónusta sem við sjáum fyrir okkur að nýta til að koma skilaboðum til foreldra vegna óveðurs og ef fyrstu tímar í unglíngadeildinni falla niður.

Árshátíðir

Árshátíðirnar eru með hefðbundnu sniði þar sem nemendur og starfsfólk hafa lagt á sig ómælda vinnu við að æfa skemmtiatriði, finna búninga og skapa sviðsmynd. Því er það mjög ánægjulegt þegar sýningarnar eru vel sóttar af bæjarbúum.

11. mars, árshátíð Lýsuskóla kl. 20:00. Nemendur selja inn á leiksýningar og kaffihlaðborð.

15. mars, árshátíð 1. – 4. bekkjar norðan heiðar í Klifi kl. 17:00 enginn aðgangseyrir.

17. mars, árshátíð 5. – 7. bekkjar norðan heiðar í Klifi kl. 19:00 enginn aðgangseyrir.

Allir eru velkomnir á ofantaldar árshátíðir.

20. apríl, árshátíð 8. – 10. bekkja haldin í Lýsuskóla kl. 20:00. Eingöngu fyrir nemendur.

Nemendur á faraldsfæti

Föstudaginn 26. febrúar fara þeir nemendur úr 8.-10. bekk sem þess óskuðu á Akranes og taka þátt í stærðfræðikeppni grunnskólanna.

Miðvikudaginn 9. mars tekur lið skólans þátt í skólahreysti. Vesturlandsriðillinn fer fram í Mýrinni í Garðabæ. Nemendum stóð til boða að velja skólahreysti sem valáfanga og hafa þeir verið duglegir að æfa sig fyrir þessa keppni undir stjórn Þiðriks Viðarssonar íþróttakennara og Tomaszar Luba. Okkar litur í ár er blár og er þeim nemendum sem þess óska boðið að fara og hvetja okkar lið. Farið verður af stað frá skólanum kl. 9:30, keppnin hefst kl. 13:00. Nemendur fá með sér nesti í hádeginu en reikna þarf með að hver og einn þurfi að sjá um hressingu fyrir sig á heimleiðinni, hvort sem er með því að taka með sér nesti eða peninga til að kaupa sér mat. Stoppað verður í miðbænum í Mosfellsbæ þar sem hægt verður að kaupa veitingar á Subway, Kentucky Fried Chicken eða Dominos pizzum. Hámarksupphæð sem taka má með sér í ferðina er kr. 2500.

Um miðjan apríl er Stóra upplestrarkeppnin, þar sem nemendur í 7. bekk taka þátt. Þessi viðburður verður betur kynntur síðar.

Við sendum nemendum okkar bestu óskir um velgengni í þessum verkefnum og vonum að þeir hafi gagn og gaman af.

Kennaranemar

Núna í febrúar og mars verða fjórir kennaranemar hjá okkur í æfingakennslu. Þetta eru þær Snædís Vagnsdóttir sem er í stærðfræðikennslu á unglíngastigi og lestrarkennslu í fyrsta bekk, Ása Gunnarsdóttir í vettvangsnámi í fimmta bekk, Maríanna Sigurbjargardóttir í vettvangsnámi í náttúrufræðum og Erla Lind í íslenskukennslu á unglíngastigi. Þjóðum við þær velkomnar og vonumst til þess að vettvangsnámið nýtist þeim sem best í kennaranámi þeirra.

Það fylgja því gjarnan ferskir vindar þegar kennaranemar koma í skóla og hafa þeir jákvæð áhrif á allt skólastarf.

Starfsmannamál

Um miðjan janúar hætti Fjóla Rós Magnúsdóttir, stuðningsfulltrúi á Hellissandi. Í hennar stað réðum við Irmu Dögg Toftum. Í lok janúar fór Heiðrún Hulda Hallgrímsdóttir, skólaliði á Hellissandi, í fæðingarorlof. Í hennar stað réðum við Hrönn Héðinsdóttur. Um miðjan febrúar fór Halla Dís Agnarsdóttir, starfsmaður í leikskóladeildinni á Lýsu, í fæðingarorlof. Í hennar stað var Sigrún Katrín Halldórsdóttir ráðin.

Við þökkum þeim fyrir vel unnin störf í þágu skólans og óskum þeim velfarnaðar í þeim verkefnum sem þær taka sér fyrir hendur. Um leið bjóðum við nýja starfsfólkið okkar velkomið til starfa.

Skólabúðir

Nemendur í níunda bekk fóru í Ungmennabúðir UMFÍ að Laugum um miðjan febrúar. Til stóð að nemendur sjöunda bekkjar færu í lok febrúar í Skólabúðirnar að Reykjum en þeirri ferð var frestað til 18.-22. apríl, af óviðráðanlegum ástæðum. Ferðir sem þessar gefa nemendum mikið þar sem þeir takast á við skemmtileg verkefni í leik og starfi. Nemendur þurfa að reiða á sig sjálfa við úrlausn verkefna og hópurinn kemur gjarnan félagslega sterkari til baka. Minningar verða til sem lifa með þeim alla ævi.

Foreldrar koma með myndarlegum hætti að framkvæmd þessara ferða, þeim er hér með þakkað fyrir þeirra starf í þágu góðs skólastarfs.

Salthúsið á Malarrifi

Á haustdögum barst fyrirspurn frá Guðbjörgu Gunnarsdóttur, þjóðgarðsverði, um það hvort nemendur starfsstöðvarinnar Lýsuhólsskóla gætu tekið að sér verkefni á Malarrifi fyrir Þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Fyrirspurninni var vel tekið og verkefnið þegið.

Á Malarrifi stendur gamalt salthús frammi á sjávarbakkanum. Búið er að endurgera ytra byrði þess og hugmyndin er að þar inni verði komið upp aðstöðu og fróðleik sem höfðar til barna.

Verkefnið felst m.a. í því að hanna og setja inn í húsið veggspjöld um sögu og náttúrufar staðarins, hugsanleg leikföng úr náttúrunni, hugmyndir að leikjum og áhugaverðum stöðum til að skoða og listaverk sem vísa til náttúrunnar í kring.

Búið er að taka viðtal við síðustu bændur á Malarrifi til fróðleiks um búsetuna þar. Verið er að vinna að hugmyndum og efnisvali því stefnt er að því að flestir munir og spjöld verði úr náttúrulegum efnum sem þurfa þó að þola vist í óeinangruðu húsi.

Ekki er komin dagsetning á verklok en þau verða nú í vor.

SAFT fræðsla um örugga og jákvæða netnotkun

Heimili og skóli og SAFT hafa nýlega hlotið styrk frá Lýðheilsusjóði til þess að ferðast um Vesturland með SAFT fræðslu um örugga og jákvæða netnotkun barna og ungmenna.

Rannsóknir sýna að á grunnskólaaldri er netnotkun orðin hluti af þeirra daglega lífi. Mörg börn eiga snjallsíma sem býður þeim upp á að vera nettengd allan sólarhringinn alla daga vikunnar auk þess sem félagslíf barna fer að stórum hluta fram á netinu. Hins vegar fá þau mismikla leiðsögn heima fyrir um hvernig umgangast beri netið á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Mörg börn eru þ.a.l. ekki nógu vel upplýst um ýmsar hættur sem steðja að þeim. Má þar helst nefna tælingu, óvarlegar myndbirtingar, rafrænt einelti og ofnotkun svo fátt eitt sé nefnt. Því miður er raunin sú að á netinu fyrirfinnst fólks sem villir á sér heimildir í þeim tilgangi að komast í tæri við börn á þessum aldri.

SAFT-liðar verða hjá okkur mánudaginn 4. apríl. Hitta nemendur og starfsfólk um daginn og verða með erindi fyrir foreldra seinnipartinn. Þessi viðburður verður kynntur betur þegar nær líður.

Valgreinahelgi

Valgreinahelgi vorannar hjá 8.-10. bekk verður aðra helgina í apríl, þ.e. föstudaginn 8. og laugardaginn 9. apríl. Nemendur fá tækifæri til þess að leggja fram hugmyndir að viðfangsefnum (valgreinum). Fyrir páskafrí verður búið að ákveða hvaða valgreinar standa til boða og þurfa nemendur að velja áður en farið er í páskafrí.

Jákvæð samskipti – vinátta – félagsfærni

Vanda Sigurgeirsdóttir lektor í tómstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands heldur **fyrirlestur í sal starfsstöðvar G.Snb. í Ólafsvík mánudaginn 29. febrúar kl. 17:00.**

Í fyrirlestrinum fjallar hún um vináttu og félagsleg samskipti. Fókusinn verður á mikilvægi vináttu fyrir börn, unglinga og ungt fólk og hvernig foreldrar geta hjálpað börnum sínum að eignast vini og halda þeim. Fjallað verður um samskipti foreldra við börnin sín, skólann og aðra foreldra. Einnig verður rætt um einelti og hvernig byggja megi upp bekki þar sem einelti þrífst ekki.

Vanda hefur langa reynslu af því að tala við börn og fullorðna um mikilvægi jákvæðra samskipta, vináttu og hvernig bregðast skuli við einelti. Hún hefur líka farið í bekki eða hópa og tekið á erfiðum málum með góðum árangri.

Að berjast gegn einelti er hennar hjartans mál.

Hvetjum foreldra og forráðmenn í Snæfellsbæ til að mæta og allir áhugasamir um málefnið eru velkomnir.

**Ekki fleira að sinni, eigið góðar stundir
Hilmar Már Arason skólastjóri**